

### Hlutverk foreldra

Foreldrar gegna mjög mikilvægu hlutverki í tónlistarnámi barna sinna. Mikið og *gott samband* við tónlistarkennara skiptir máli, en *heimaæfingar* skila nemendum framförum.

Foreldrum er bent á upplýsingar á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga [www.tonar.is](http://www.tonar.is). Þar er m.a. á forsiðu að finna góð ráð bæði til nemenda og foreldra í skjali sem heitir „Æfingin skapar meistaran“, með nokkrum atriðum sem geta hjálpað til við að skipuleggja námið.

### Kennslustaðir

Eyrbakki, Flóaskóli, Flúðir, Hveragerði, Kerhólsskóli, Laugarvatn, Reykholt, Selfoss, Stokkseyri, Þjórsárskóli og Þorlákshöfn.

**ATH.** Nemendur geta sótt nám á milli kennslustaða.



Upptaka á jólakveðju skólans 13.12.2023



Strengjateildartónleikar 9.11.2023



Þematónleikar í Skálhoti 20.4.2024



Blásaradeildartónleikar 3.11.2023

Tónlistarskóli Árnesinga er meðal stærstu tónlistarskóla landsins með um 550 nemendur. Kennarar eru um 40 talsins.



**Skrifstofa Eyra­vegi 9, Selfossi**

**Sími: 482 1717**

[tonar@tonar.is](mailto:tonar@tonar.is); [www.tonar.is](http://www.tonar.is)

Skrifstofan er lokað frá miðjum júní fram í byrjun ágúst.

### UMSÓKN UM SKÓLAVIST 2024– 2025

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga

[www.tonar.is](http://www.tonar.is) - smellt á: [UMSÓKN UM SKÓLAVIST](#)

og allar umbeðnar upplýsingar fylltar út.

**Gott er að sækja um sem fyrst til að tryggja sér pláss.**

Nemendur sem fá skólavist, fá tölvupóst í ágúst með upplýsingum um greiðslu skólagjalda.

Kennslutímabilið byrjar í lok ágúst og stendur til maíloka.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri geta leigt hljóðfæri af skólanum.

**Hefurðu sótt um áður án þess að fá skólavist?**  
Endurnýja þarf umsókn árlega.

**Tónlistarskóli Árnesinga hlaut Menntaverðlaun Suðurlands 2022**

**Suzukínám** er ætlað börnum sem hefja nám **3 - 5 ára**.

Eftirtaldir kennslugreinar eru í boði: **blokkflauta, gítar, fiðla, selló, víóla, píanó**.

Í Suzukínámi er lögð áhersla á virka þátttöku foreldra. Foreldrar mæta í alla tíma með börnum sínum og æfa með þeim heima, auk þess að læra sjálfir á hljóðfærið í upphafi. Byrjendur í Suzukínámi sækja 30 mín. einkatíma á viku og 45 mín. hóptíma aðra hverja viku.

Sjá nánar á heimasíðu Tónlistarskóla Árnesinga [www.tonar.is](http://www.tonar.is) → Námsframboð → Suzukínám → Um Suzukínám og á heimasíðu Suzukisambands Íslands: [www.suzukisamband.is](http://www.suzukisamband.is) → Suzuki aðferðin.

**Klassískt nám** er ætlað nemendum **6 ára og eldri**.

Námsgreinar eru: **ásláttarhljóðfæri**

Hljómborðshljóðfæri: **píanó, kirkjuorgel**

Málmblásturshljóðfæri: **trompet, básúna, horn, barítónhorn, túba**

Tréblásturshljóðfæri: **blokkflauta, þverflauta, klarínetta, saxófónn**

Strengjahljóðfæri: **fiðla, víóla, selló, kontrabassi, klassískur gítar**

Söngur: **einsöngur** frá 16 ára aldri. Yngri nemendum er bent á **söngfugla** hér til hægri.

Nemendur sem sækja um nám á **málm/tréblásturshljóðfæri, fiðlu, víólu, selló og kontrabassa, fá forgang**, enda eru þetta mikilvæg hljóðfæri í hljómsveitastarfi skólans.

\* Ef óskað er eftir öðrum hljóðfærum en að ofan greinir, vinsamlegast hafið samband við skrifstofu tónlistarskólans. Kennir er í einkatímum 30 - 60 mínútur á viku.

Nemendur á blásturs- og strengjahljóðfæri, slagverk, og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum, samspili eða samsöng** strax og geta leyfir.

**Rytmískt nám** er ætlað nemendum **8 - 9 ára og eldri**.

Námsgreinar eru: **rafgítar, rafbassi, trommur og píanó**.

og sem viðbótarhljóðfæri: **rytmísk fiðla / víóla / selló** (undanfari grunnpróf).

Kennir er í einkatímum 30 - 60 mín. á viku. **Samspil er þungamiðja námsins** og taka nemendur þátt í því frá upphafi.

Nemendur í klassísku námi geta einnig tekið þátt í rytmísku samspili.

Nánari upplýsingar um hljóðfæri er að finna á heimasíðu skólans

[www.tonar.is](http://www.tonar.is) - Námsframboð.

Framboð er breytilegt milli kennslustaða.

**Forskóli Selfossi** er spennandi þróunarverkefni sem fer af stað haustið 2024, ætlaður börnum **6 - 7 ára**. Kennsla fer fram í 8 - 12 nemenda hópum.

**NÝTT**

**Söngfuglar** er söngnám ætlað nemendum á aldrinum **8- 15 ára**. Kennsla fer fram í hóptímum og er hámarksfjöldi í hverjum hópi 12 nemendur. Nemendur fá þjálfun í raddbeitingu og að koma fram sem einsöngvarar og í hópi. Söngfuglar eru ætlaðir bæði drengjum og stúlkum.

*Söngfuglar hafa verið starfræktir á Selfossi og í Hveragerði.*

**Tónfræðagreinar** eru hluti tónlistarnáms.

- \* Tónfræðikennslu í 1. stigi fá nemendur í hljóðfæra-/söngtímum.
- \* 2. - 3. stig (grunnám) í tónfræði er tveggja ára nám í hóptímum
- \* 4. - 5. stig (miðnám) í tónfræði er tveggja ára nám í hóptímum

\* Að loknu miðprófi taka við sérgreinar í hóptímum: hljómfæri, tónlistarsaga, tónheyrn (1,5 klst./viku hvert fag í 2 ár) og valgrein (1 klst./viku í 1 ár).

Kennir er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Nótnabókakaup fylgja tónlistarnámi.

### Skólagjöld skólaárið 2024 - 2025

Heilt nám: 60 mín./viku (eða 2 x 30 mín.)	121.700
Hálft nám: 30 mín./viku	77.000
Undirl. 15 mín./viku (hljódf. frá 5. stigi) (söngur 1.-5. stig)	38.500
Undirl. 30 mín./viku (söngur í framh.stigi)	57.750
Söngfuglar/forskóli/tónfræðitímar eingöngu.	28.500
Hljóðfæraleiga	15.900

2. nemandi í fjölskyldu fær 25% afslátt og 3.+ nemandi fær 50% afslátt

- Skólagjöld standa undir rekstrarkostnaði.
- Sveitarfélög greiða launakostnað.